

**FUNDARGERÐ**  
**BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA**

**714. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 26. september 2011 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

**Dagskrá:**

1. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
2. Starfsskýrslur Skólabúðanna að Reykjum í Hrútafirði.
3. Athugasemdir við tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Litlu-Borg.
4. Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.
5. Starfsmannamál.

**Afgreiðslur:**

1. Lagt fram fundarboð á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem haldinn verður í Reykjavík 12. október n.k. Samþykkt að sveitarstjóri sækir fundinn.
2. Lagðar fram til kynningar starfsskýrslur Skólabúðanna að Reykjum í Hrútafirði fyrir árin 2010-2012.
3. Lögð fram þrjú bréf með athugasemdum við tillögu að deiliskipulagi í landi Litlu-Borgar
  - a) Frá Guðrínu Bergsdóttur,
  - b) Frá Jóni Guðnasyni, Svövu Árnadóttur, Ingibjörgu Ingólfssdóttur, Birni A. Bergssyni
  - c) Frá Kolbrúnu Ólafsdóttur og Magnúsi SigurðssyniSamþykkt að vísa athugasemdunum til umsagnar skipulags-og umhverfisráðs.
4. Lagt fram til kynningar bréf eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 21. september 2011, þar sem kynntar eru niðurstöður ársreikninga sveitarfélaga árið 2010.
5. Starfsmannamál. Elín R. Líndal leggur fram eftirfarandi bókun. Vegna bókunar byggðarráðs á 712. fundi, en þar segir „Byggðarráð telur ekki tilefni til að aðhafast frekar í málinu en ítrekar að starfsmenn sveitarfélagsins hafi lýðræðislegan rétt á að tjá skoðanir sínar“ leggur undirrituð til að sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykki að endurskoða starfsmannastefnu sveitarfélagsins. Með í huga að þar komi viðbótargrein sem yrði í samræmi við áður nefnda bókun svo öllum megi vera ljós lýðræðislegur réttur starfsmanna. Elín R. Líndal.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:59

---

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

---

Stefán E. Böðvarsson

---

Elín R. Líndal.

---

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

---

Áheyrnarfulltrúi

---

Guðrún Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri

---

Elín Jóna Rósinberg.